

# Skólastjóri Stóru-Vogaskóla

Sveitarfélagið Vogar óskar eftir að ráða skólastjóra Stóru-Vogaskóla. Við leitum að metnaðarfullum leiðtoga til að stýra framsæknum skóla í ört stækkandi sveitarfélagi.

### Helstu verkefni og ábyrgðarsvið

- Fagleg forysta og skólaþróun
- Stjórnun og ábyrgð á daglegum rekstri skólans
- Rekstur Tónlistarskóla Sveitarfélagsins Voga
- Samstarf við ýmsa aðila skólasamfélagsins

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf grunnskólakennara og kennslureynsla á grunnskólastigi er skilyrði
- Framhaldsmenntun í stjórnun eða uppeldis- og kennslufræðum er æskileg
- Farsæl reynsla af stjórnun, rekstri og þróun skólastarfs
- Leiðtogahæfni, metnaður og reynsla af að leiða skólaþróun
- Rík samskipta- og skipulagshæfni
- Góð íslenskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti

Stóru-Vogaskóli er heildstæður grunnskóli með 170 nemendur í 1.-10. bekk. Íþrótta- og sundkennsla fer fram í íþróttamiðstöð og sundlaug bæjarins. Innan veggja skólans og undir stjórn skólastjóra er einnig rekinn Tónlistarskóli Sveitarfélagsins Voga. Frístundaskóli er einnig starfræktur á vegum skólans, þar er athvarf fyrir nemendur í 1.-4. bekk að loknum skóladegi.

Einkunnarorð skólans eru virðing - vinátta – velgengni.

Sveitarfélagið Vogar er næst landstærsta sveitarfélagið á Suðurnesjum með um 1.330 íbúa. Sveitarfélagið býður upp á rólegt og vinalegt umhverfi þar sem stutt er í náttúruna.

**Skannaðu kóðann fyrir nánari upplýsingar**

Ráðið verður í stöðuna frá 1. apríl 2022 eða eftir nánara samkomulagi.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Skólastjórafélags Íslands.

**Umsóknarfrestur er til og með 7. febrúar 2022.** Umsóknir óskast fylltar út á **hagvangur.is**.

Nánari upplýsingar um störfin veita Geirlaug Jóhannsdóttir, **geirlaug@hagvangur.is** og Katrín S. Óladóttir, **katrin@hagvangur.is**